

Nd.

168. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 21 20. maí 1942, um stríðsgróðaskatt.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

1. gr.

2. og 3. gr. laganna verði ein grein, svo hljóðandi:

Stríðsgróðaskattur skal lagður á og innheimtur um leið og tekju- og eignar-skattur og af sömu aðilum. Ríkissjóður greiðir 75% — sjöttu og fimm af hundraði — af stríðsgróðaskatti, sem innheimtur er eftir lögunum, til sveitar- og bæjarfélaga. Fé þessu skal skipt í hlutfalli við lögleyfða útsvarsupphæð sveitar- og bæjarfélaga á útsvarsárinu. Þó skal ekkert sveitar- eða bæjarfélag fá greitt meira en $\frac{1}{3}$ hluta þeirrar fjárhæðar, sem til skipta kemur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Af stríðsgróðaskatti undanfarinna ára hefur ríkissjóður fengið 50%. Að öðru leyti hefur skatturinn skipzt þannig: 1) 45% til þeirra sveitar- og bæjarfélaga, þar sem skatturinn er á lagður og innheimtur, og 2) 5% til sýslufélaga og þeirra bæjarfélaga, sem enginn stríðsgróðaskattur fellur til í.

Reglur þessar eru óeðlilegar og óheppilegar í framkvæmd. Sveitarfélag, þar sem stríðsgróðaskattur er ekki á lagður, fær engan stríðsgróðaskatt. Sambærilegt sveitarfélag, sem á því láni að fagna að hafa sterka gjaldendur, fær 45% af stríðsgróðaskatti álögdum. Það bæjarfélag, þar sem óverulegur stríðsgróðaskattur fellur til, fær 45% af hinni lágu upphæð. Bæjarfélag, þar sem enginn stríðsgróðaskattur fellur til, getur fengið margfalt hærra upphæð af 5% upphæðinni til sýslu- og bæjarfélaga, sem þannig er ástatt um. Í framkvæmdinni hefur ekki verið hægt að fylgja þessum reglum bókstaflega, og hafa þær verið túlkaðar á sanngjarnari hátt, þannig að bæjarfélag með lítinn stríðsgróðaskatt hefur einnig fengið hluta af 5% upphæðinni. Þetta m. a. sýnir, að full þörf er að breyta lögunum.

Í frv. þessu er lagt til, að ríkissjóður fái aðeins 25% af álögdum og innheimtum stríðsgróðaskatti og 75% skiptist milli sveitar- og bæjarfélaga, án tillits til, hvort stríðsgróðaskattur er álagður og innheimtur í viðkomandi sveitar- eða bæjarfélagi. Skal þessum 75% skipt í hlutfalli við lögleyfða útsvarsupphæð á árinu, þ. e. meðaltal útsvara sveitar- eða bæjarfélagsins 3 síðustu árin, að viðbættum fimmtungi.

Nauðsyn nýrra tekjustofna fyrir sveitar- og bæjarfélög er aðkallandi. Löggjafinn hefur mjög aukið á þessa nauðsyn með ýmissi lagasetningu, svo sem lögum um almannatryggingar, fræðslulögum o. fl.

Með því að ríkissjóður gefi nokkuð eftir af hlut sínum af stríðsgróðaskattinum og með jafnari og réttlátari skiptingu hans milli sveitar- og bæjarfélaganna, er að áliti flm. þessa frv. stefnt í rétta átt.

Óhjákvæmilegt er að tryggja bæjar- og sveitarfélögum nýja tekjustofna í framtíðinni. Má jafnvel segja, að breyting sú, sem í þessu frv. felst, sé mikils til of síðla fram borin. Stríðsgróðinn hefur á undanförunum árum svo að segja allur safnazt saman í Reykjavík. Bæjar- og sveitarfélögin úti á landi hafa haft lítið af honum að segja, en ekki síður orðið að mæta hraðvaxandi útgjöldum. Hefur þetta haft orlagaríkar afleiðingar, m. a. þær, að fólksstraumurinn burt úr þessum byggðum hefur orðið æ örari. Af því hefur svo leitt margs konar ósamræmi í líf skjörum landsmanna og jafnvægisleysi á fjölmörgum sviðum.

Gegn þessari þróun verður að spyrna. Það verður ekki gert nema með því að skapa almenningi í landinu jafnari aðstöðu til atvinnu og lífþæginda, en til þess að það verði unnt þurfa sveitar- og bæjarfélögin á auknu fjármagni að halda til margvislegra aðkallandi framkvæmda.